

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum
um skatta og gjöld (ýmsar breytingar).

Frá Frosta Sigurjónssyni.

1. Við bætist einn nýr kafli, XII. kafli, **Breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisauka-
skatt, með síðari breytingum**, með einni nýrri grein, 34. gr., svohljóðandi:

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Heimilt er að fella niður virðisaukaskatt við innflutning á lyfjum sem gefin eru ríkinu
eða stofnunum þess til nota við meðferð sjúklinga á heilbrigðisstofnunum. Skilyrði
undanþágu samkvæmt ákvæði þessu eru eftirfarandi:

- a. að fyrir liggja skrifleg yfirlýsing gefanda, og eftir atvikum innflytjanda, um gjöfina
og af henni megi ráða að lyfin verði afhent án endurgjalds,
- b. að fyrir liggja skrifleg staðfesting gjafþega á því að um gjöf sé að ræða sem afhent
verði án endurgjalds og að lyfin verði notuð við meðferð sjúklinga á heilbrigðisstofn-
unum.

Ráðherra er heimilt með reglugerð að kveða nánar á um framkvæmd og skilyrði
undanþágunnar.

Ákvæði þetta gildir til og með 31. desember 2018.

2. Við 34. gr. (er verði 35. gr.) bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ákvæði 34. gr. öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Með lyfjum í skilningi ákvæðisins er átt við lyf sem falla undir skilgreiningu 2. tölul. 1.
mgr. 5. gr. lyfjalaga, nr. 93/1994. Með heilbrigðisstofnun í skilningi ákvæðisins er átt við
heilbrigðisstofnun samkvæmt skilgreiningu 1. tölul. 4. gr. laga nr. 40/2007, um heilbrigðis-
þjónustu.